

Aðalfundur HÍDÍ 2015 – 16.1.2015 Harðarbolli – Mosfellsbæ kl.20:00

Fjöldi félagsmanna mættir: 17 manns

1. Formaðurinn setti fundinn
2. Pétur Jökull Hákonarson kosinn fundarstjóri og Berglind Sveinsdóttir kosin fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar
 - a. Pjetur formaður kynnti skýrslu stjórnar
 - b. Sjá skýrsluplagg – sett á netið undir skjöl.
4. Reikningar félagsins lagðir fram
 - a. Gjaldkeri félagsins, Ólöf Guðmundsdóttir bar fram ársreikning félagsins.
5. Umræður um skýrslu og reikninga og þeir bornir undir atkvæði
 - a. Samþykktir einróma.
6. Lagðar fram lagabreytingartillögur
 - a. Ein tillaga var lögð fram um breytingu á lögum félagsins.
 - i. 2.grein – D-liður hljóðaði svo:
 1. Að semja við LH um launakjör og ferðakostnað dómara í byrjun hvers árs. Lagt var til að þessi liður verði tekinn út.
 - ii. Breytingartillaga:
 1. Aðalfundur HÍDÍ ákveður launakjör og ferðakostnað dómara í byrjun hvers árs. – kemur í stað núverandi D-lið
7. Afgreiðsla tillagna
 - a. Breyting samþykkt einróma um að fella þennan lið út.
 - b. Brytingartillaga – samþykkt einróma
8. Ákvörðun félagsgjalda 2015
 - a. Samþykkt einróma að félagsgjald verði óbreytt kr.3.000 árið 2015.
9. Kosning formanns
 - a. Pjetur gefur ekki kost á sér áfram fyrir næsta ár.
 - b. Stjórn lagði fram tillögu og stakk upp á Halldóri Victorssyni.
 - c. Engin önnur framboð komu.
 - d. Halldór samþykktur einróma.
10. Kosning meðstjórnanda og varastjórn
 - a. Berglind Sveinsdóttir gaf ekki kost á sér áfram
 - b. Stjórn lagði fram tillögu og stakk upp á Gísla Geir Gylfasyni sem samþykktur var einróma.
 - c. Stjórn lagði fram tillögu um Sigurð Kolbeinsson og G.Snorra Ólasyni í varastjórn sem samþykktir voru einróma.
11. Önnur mál
 - a. Berglind þakkaði formlega fyrir sig.
 - b. Halldór nýr formaður HÍDÍ tók til máls og þakkaði fráfarandi formanni og meðstjórnanda fyrir vinnuframlag þeirra.
 - c. Ákveðið var að launakjör dómara yrðu óbreytt árið 2015 – samþykkt einróma.
 - d. Kílómetragjald verður 80 kr./km – alltaf þó lagt til að dómara semji um ferðakostnað. – samþykkt einróma
 - e. Útkall áfram óbreytt 15.000 – samþykkt einróma
 - f. Pjetur, fráfarandi formaður þakkaði fyrir samstarfið og kvaddi formlega.

- g. Sigurður Ævarsson tók til máls og minntist á þau atvik sem gerðust á árinu 2014 að mótshaldarar sóttu jafnvel um 6-7 dómara á mót og biðu fram á síðasta klukkutíma með að fækka jafnvel niður í 5 dómara eða hreinlega aflíst móti á síðustu stundu – eitthvað þarf að gera við þessu. Þetta er ekki boðlegt þegar dómara hafa gert ráðstafanir með tíma sinn.
- h. Varðandi mótaskrána sem birt er í byrjun hvers keppnisárs má sjá strax hvaða helgar stærstu mótin eru – stjórn félagsins þarf að pressa á mótshaldara um að sækja um dómara sem fyrst til að hægt sé að úthluta dómara á mótin helst sem fyrst í byrjun árs.

12. Fundarslit